

Yfirskrift:	Stjórnarfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana			
Stjórnarfundur	Dagsetning:	4. mars 2024	Tími:	12:00 – 13:30
Fundarstaður:	Guðrúnartún 1 og Teams			
Fundarstjóri:	HP			
Ritari:	AS			
Á fundinn mættu:	Arnór Snæbjörnsson (AS), Eydís Líndal Finnbogadóttir (ELF), Helga Þórisdóttir (HP), Ingibjörg Jóhannsdóttir (IJ), Ingileif Oddsdóttir (IO), og Anna Hermannsdóttir (AH), framkvæmdastjóri félagsins			
Fjarverandi::	Elfa Ýr Gylfadóttir (EYG), Sigríður Kristinsdóttir (SK)			

Fundargerð stjórnarfundar FFR 4. mars 2024

1. Fundargerð stjórnarfundar 5. febrúar 2024

Fundargerð stjórnarfundar 5. febrúar síðastliðinn var samþykkt.

2. Starfsreglur stjórnar

Umræður um mögulegar breytingar á 7. gr. starfsreglnanna. Skiptar skoðanir um þörfina. Frestað.

3. Félagsaðild

Umræður um félagsaðild að FFR samkvæmt lögum um félagið, en í 3. gr. segir að allir forstöðumenn ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja sem fá laun samkvæmt grunnlaunaflokkun eða samkvæmt ákvörðun stjórnar ríkisstofnunar eða ríkisfyrirtækis, sbr. 39. gr. a laga nr. 70/1996, séu félagsmenn í félaginu nema þeir óski að standa utan þess. Af þessu leiðir að aðrir en forstöðumenn sem fá laun samkvæmt nefndri lagagrein virðast ekki teljast til félagsmanna.

4. Önnur mál

Umræður um möguleika á leigu á listaverkum til opinberra stofnana. Einnig ræddar áherslur félagsins í samtölum við KMR, s.s. endurskoðun á grunnmati, kostnaði stofnana vegna veikinda starfsmanna og Stjórnendadag ríkisins sem haldinn verður með haustinu.